

## FUM, stjórnarfundur

1. júní 2015 (kl. 10:00-11:30)

*Mættir:* Amalía Björnsdóttir formaður (FUM), Börkur Hansen, Elsa Eiríksdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Þorlákur Axel Jónsson.

### Dagskrá

1. *Fundargerð síðasta aðalfundar:* Afgreiðslu frestað þar sem skýrslu stjórnar vantaði með fundargerðinni.
2. *Staða tímaritsins:* Formaður gerði grein fyrir samskiptum sínum við Háskólaútgáfunu og taldi mál þar komin á réttan kjöl. Skuldir væru greiddar og vinna við setningu og prentum heftisins fyrir 2014 væri í fullum gangi. Kom fram að vonandi kæmi heftið úr prentun nú í júní. Var samþykkt að stjórnin sæi um að gera límmiða, dreifa ritinu og rukka fyrir það. Fram kom að innheimta bæri 2500 kr. fyrir tímaritið og 2000 kr. félagsgjald fyrir 2014. Á næsta ári yrðir gjaldið 5000 kr. fyrir báða þættina.
3. *Framtíð félagsins:* Rætt um að reyna að fá fleiri nemendur í doktorsnámi og fleiri starfsmenn í kennaradeild HA til að ganga í FUM og gerast áskrifendur að TUM-ritinu. Einnig var rætt um að skoða þátttöku í FUM á MVS. Þá var rætt um sameiningu TUM við Uppeldi og menntun og var formanni falið að funda með sviðsforseta og ritstjóra þar um. Einnig var rætt um að FUM beitti sér fyrir fundum/málþingum um álitamál í menntamálum og að e.t.v. væri vænlegt að halda rannsóknarráðstefnu líkt og gert var fyrir nokkrum árum. Hafdís, Elsu og Þorláki var falið að undirbúa þessi atriði fyrir frekari umræðu á næsta fundi.
4. *Samstarf við SERA (Samtök um menntarannsóknir í Skotlandi):* Erindi hafði borist frá SERA til Allyson Macdonald um samstarf við FUM um rannsóknir eða rannsóknartengd verkefni. Formanni var falið að ræða við Allyson um málið.
5. *Önnur mál:* Gjaldkeri bað um aðstoð við að fara yfir áskriftarlista og bauð formaður sig fram í það verkefni.

Fleira ekki gert.

Börkur Hansen